

Lesskilningsverkefni

Nú er verið að endurskoða Auðvitaðbækurnar. Fyrsta heftið komið út í endurskoðaðri útgáfu nú í haust. Eins og áður segir byggir ég vinnu mína að mestu á Auðvitað 2. Þar er af nógu að taka en best er að hafa fjölbreyttar nálganir. Að vinna allan texta bókarinnar eins og ég geri í kaflanum um Gróður- og jarðvegseyðingu væri til að drepa áhuga nemenda en eitt og eitt verkefni er áskorun. Hér eru líka nokkur verkefni úr Maðurinn – hugur og heilsa og Náttúrverkefnunum.

Hér fyrir neðan skipulag sem ég notaði fyrir bls. 52 .

Viðfangsefni	Umgjörð	Viðfangsefni	Úrvinnsla
Orð/ hugtök Lestur Lesskilningur	Auðvitað bókin	Gróður- og jarðvegseyðing bls. 52 -55. Orð og hugtök: <ul style="list-style-type: none">gróðurfarlandgæðigróið landauðnirágangur mannsinssandfokuppblástureyðimörkrýrnunhnignun	Nemendur fá orðið gróður- og eiga að finna eins mörg orð sem hægt er að búa til úr því (-gróður og gróður -) Hvort eru landgæði neikvætt eða jákvætt orð? Umræður Nemendur finna andstæðuna við auðnir í textanum. Nemendur lesa textann bls. 52 og reyna að nota eign eigin til að lýsa því hvers vegna skógarnir hafa eyðst. 2 verkefnablöð (bls. 53-55)

Hugsanlegar leiðir

- Búa til setningu sem útskýrir orðið.
- Þjálfar nemendur meira í að átta sig á orðskilningi út frá samhengi
- Þjálfar þarf oftast orð sem hafa margþætta merkingu
- Það hjálpar stundum að útskýra hvað orðið táknar ekki/ andstæðu þess*
- Vinna þarf með orðin strax eða jafnhliða úrvinnslu, ekki eftir á
- Vandinn við orðskýringar er **almennt slakur orðaforði**. Nemendur sem hafa takmarkaðan eða einsleitann orðaforða lenda í vanda með að útskýra orð með eigin orðum.

Bls. 53 í Auðvitað 2

Hugmyndir að verkefnum

Vindurinn vinnur nær ekkert á grónu landi eða fastri klöpp.

Notaðu þín orð til að útskýra þessa setningu

Myndar sár á gróðurþekjuna.

Notaðu þín orð til að útskýra þessa setningu.

Teiknaðu í rammann hér fyrir neðan það sem þú varst að útskýra

Hvað getur gert sár á gróðurþekjuna?

Útskýrðu orðið: uppgræðsla

1. Hvernig er það samsett? _____
2. Getur það hjálpað þér við að útskýra það? _____
3. Er þetta jákvætt eða neikvætt orð? _____
4. Af hverju? _____
5. Það eru þrjú svört orð í textanum á bls. 55 sem eiga vel við þetta orð.
Hvaða orð eru það? _____
6. Hvernig eru þessi orð samsett? Settu seinni hluta orðanna í nafnhátt

(að)

_____ + _____ að _____
_____ + _____ að _____
_____ + _____ að _____

7. Getur þú búið til **nýtt orð** sem getur komið í staðinn fyrir þessi fjögur orð
: uppgræðsla, gróðurvernd, landgræðsla, trjárækt

Mín hugmynd er : _____

8. **Teiknaðu mynd sem á að túlka orðið sem þú hefur valið.**

Auðvitað 2 bls. 29

Sveifluvídd hljóðbylgju segir til um hversu sterkt hljóðið er. Sterkar hljóðbylgjur eru orkuríkar og hafa mikla sveifluvídd. Veikar hljóðbylgjur eru orkusnauðar og hafa litla sveifluvídd

Hvaða andheiti og samheiti finnur þú í textanum?

Hljóðbylgjur

Hljóðbylgjur berast um loft með um það bil 346 metra hraða á sekúndu. Hljóð berst ekki aðeins í lofti heldur einnig í vökva og föstu efni. Þess vegna berast hljóð í gegnum vegg og niður í vatn. Þegar þú syndir í kafi heyrir þú það vel ef einhver stingur sér í laugina. Hljóðbylgjur fara hraðar í vökva en lofti. Hljóðhraði er um það bil fjórum til fimm sinnum meiri í vatni en lofti. Hljóð berst hins vegar með mestum hraða í föstum efnum. (Auðvitað 2 bls. 31)

1. Finndu í textanum og undirstrikaður andheiti eftirfarandi orða:

upp, hægar, minni, minnstum.

2. Útskýrðu með eigin orðum:

Hljóð berst ekki aðeins í lofti heldur einnig í vökva og föstu efni.

3. Hvort fer hljóðið **hraðar** í vatni en lofti? _____

4. Hljóð,loft, vökvi

Raðaðu þessum orðum í röð eftir því hversu hratt hljóðið fer í gegnum þau. Byrjaðu á því efni þar sem hljóðbylgjurnar fara hægst.

_____, _____, _____;

Heilinn bls. 51 -52. Maðurinn- hugur og heilsa

Þyngd heilans ræður því ekki hversu klár dýr eru. Það eru fjöldi taugaþráða sem skiptir þar máli. Heilinn í steypireiði er 7 kíló en menn eru samt greindari en þessi stórhvalur. Skýringin er að mun fleiri fellingar eru á heila manns en steypireiðar og í þessum fellingum rúmast fjöldi af taugafrumum og þráðum sem tengja þær saman. *Það er þetta sem gerir menn greindasta af öllum dýrategundum.*

Hvað er það sem gerir menn greindasta af öllum dýrategundum?

Heilinn starfar **hvíldarlaust** alla daga og nætur. Hann verður **sífelld** að fá nóg af orku og súrefni. Ef þú vilt hugsa vel um heilann þarftu að borða hollan mat, hreyfa þig og fá **nægan** svefn. Heilinn fær orku úr matnum. Með **aukinni** hreyfingu andar þú að þér meira af súrefni **sem kemur sér vel** fyrir heilann. Í svefni hvílist heilinn og safnar **þrótti** fyrir **erfiði** næsta dags.

Skriðu annað orð fyrir ofan undirstikuðu orðin sem þýðir það sama og undirstrikaða orðið.

Hvað er orka? _____

Hvað heldur þú að súrefnið geri fyrir heilann?

Hvaða 4 orð finnast þér **vera mikilvægustu orðin (aðalatriðin)** í þessum texta?

Hvaða orðflokkur er **algengastur** í þessu texta? _____

Hvað finnur þú mörg orð úr honum? _____

Hvað kallast svona texti? _____

Nafn: _____ bekkur _____

Hvítabirnir eru kuldabeltisdýr og fylgja hafís. Þeir **verja** níu tíundu hlutum tíma síns úti á **rekísnum** og eru stærsta hluta þess tíma að veiða seli. Aðeins einn tíunda hluta eru þeir í landi. Hvítabirnir eru alltaf á ferðinni hvar sem þeir eru, ganga um í fæðuleit og veiða. Í kuldabeltinu eru eiginlega aðeins tvær árstíðir, þriggja mánaðar nóttlaust sumar og níu mánaða langur dimmur vetur og hvítabirnir geta tekið fæðu sína úr sjó allt árið. Á sumrin eiga þeir það til að reika upp á land, éta lauf og ber og elta uppi einstaka sauðnaut eða hreindýr sem þeir geta hlaupið uppi á stuttum spretti. Birnirnir fara um mjög stórt svæði á ísnum, þeir halda sig sunnarlega á veturna þar sem eru vakir í ísbreiðuna og lausir hafísjakar á opnum sjó. Þeir veiða fugla og seli sem koma upp til að anda og einstaka sinnum kafa þeir eftir fiski. Ef hart er í ári éta birnirnir þang. (Kafli úr Náttúrverkefnum, kennarahandbók um náttúrudýr. Sigrún Helgadóttir. 1994.)

Einn aðaltilgangur dýragarða er að sýna dýr á náttúrulegu búsvæði þeirra.

Hvaða erfiðleikar geta fylgt því að hafa hvítabirni í dýragarði?

1. _____
2. _____
3. _____
4. _____
5. _____
6. Í hvað eyða hvítabirnirnir lengstum tíma? _____
7. Hvenær geta þeir helst veitt selina? _____
8. Hvað merkir þegar **hart er í ári ...?** _____
9. Hvað eru **vakir** í ísnum? _____
10. Hvað éta hvítabirnirnir fleira en seli? _____

Dýrið sem ég ætla lýsa er : _____



Náttúruleg heimkynni _____

Fæða dýrsins er _____

Dýrið er flokkað sem _____

Karldýrið, kvendýrið og afkvæmið nefnast _____

Á daginn er það _____

Það sem hefur áhrif á lífslíkur _____
